

Föstudaginn 28. apríl 1967.

Nr. 53/1966. **Guðmundur Valgrímsson og
Suenson & Jespersen**
(Votler Antonsson hdl.)
gegn
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Umboðslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1966. Gera þeir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 71.784.00 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1964 til 31. desember s. á. og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, sendi stefndi gríska firm-
anu Stathagis & Sons í Pireus hinn 19. ágúst 1964 símskeyti
með fyrirspurn um, hvort firmað gæti vísað á kaupanda að
b/v Ágústi. Í svarskeyti, sem stefnda barst 31. s. m., kveðst
fyrirsvarsmáður firmans senda tvo nafngreinda menn, sem
hafi áhuga á kaupunum og séu væntanlegir samdægurs eða
daginn eftir. Menn þessir, sem voru grískir, komu til Reykja-
víkur hinn 1. september s. á. Tókust samningar með þeim
og stefnda um sölu togarans nokkrum dögum síðar. Ekki
hefur verið leitað eftir skýrslum þessara grísku manna um
þessi viðskipti. Þá hefur heldur ekki verið aflað skýrslu fyrir-
svarsmanns gríska fyrirtækisins Stathagis & Sons um af-
skipti þess, áður en kaupin gerðust. Í málinu liggja ekki fyrir
önnur gögn um afskipti áfrýjanda firmans Suenson & Jesper-
sen í Kaupmannahöfn en fram kemur í bréfum þess til áfrýj-
anda Guðmundar, en þar segir m. a. svo um kaupin á b/v
Ágústi:

„... på den anden side må vi se i øjnene, at vi faktisk ikke har bragt disse skibe i forslag til disse købere ...“. Þá er og ósannað, að áfrýjandi Guðmundur hafi boðið fram aðstoð sína, fyrr en eftir að stefnda barst greint svarskeyti frá gríska firmanu. Að svo vöxnu máli verður að leggja það til grundvallar í málinu, sem fram kemur í greindum samskeytum, að gríska firmað hafi komið á því sambandi með stefnda og kaupendunum, sem leiddi til samninga.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðmundur Valgrímsson og Suenson & Jespersen, greiði stefnda, Helga G. Þórðarsyni f. h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Guðmundur Valgrímsson, Sólvallagötu 45, Reykjavík, persónulega og f. h. firmans Suenson & Jespersen, skipasölu m. m., Toldbodgade 2, Kaupmannahöfn, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 6. apríl 1965, gegn Bæjarútgerð Hafnarfjarðar til greiðslu umboðslauna vegna sölu á b/v Ágústi, GK 2, til Grikklands í septembermánuði 1964 að fjárhæð jafngildi £ 600-0-0, eða kr. 71.784.00 samkvæmt þáverandi sölugengi sterlingspunds, auk 8% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1964 til 31. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Til vara krefst stefnandi hæfilegrar þóknunar að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að ofan greinir.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hans. Til vara er því haldið fram, að umboðslaunakrafa stefnanda geti eigi orðið hærri en 2%.

Málavextir.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi um nokkurt skeið starfað sem umboðsmaður firmans Suenson & Jespersen hér á landi, en firma þetta reki skipasölu og skylda starfsemi í Kaupmannahöfn. Síðari hluta ágústmánaðar 1964 kveðst hann hafa snúið sér til forstjóra stefnda og spurt, hvort hann ætti að útvega honum kaupendur að togurunum Ágústi og Apríl, sem hann vissi, að til stóð að selja. Forstjórinn hafi tekið þessu vel og samþykkt, að stefnandi annaðist sölu togaranna. Samtal þetta kveður stefnandi hafa farið fram í skrifstofu stefnda. Stefnandi kveðst síðan hafa tilkynnt umbjóðendum sínum, Suenson & Jespersen, að hann hefði áðurgreinda togara til sölu og um sömu mundir, eða hinn 31. ágúst, hafi honum borizt símskeyti frá þeim, þar sem honum var tjáð, að hugsanlegur kaupandi frá Grikklandi væri í Kaupmannahöfn. Símskeyti þetta nefndi að vísu aðeins togarana Sólborgu og Brimnes, sem stefnandi hafði til sölu á vegum ríkissjóðs, en í bréfi, sem Grikkirnir höfðu meðferðis frá Suenson & Jespersen, séu allir togararnir nefndir.

Hinn 1. september komu hinir grísku menn, Vassilios Manousos og Minas Stathakis, hingað til lands, og tók stefnandi á móti þeim á Reykjavíkurlflugvelli. Þar var þá einnig staddur grískur maður, Dimitrius A. Vrashimis, sem nokkru áður hafði keypt togarann Bjarna riddara fyrir milligöngu stefnanda, og aðstoðaði hann stefnanda við að ná sambandi við Grikkina, sem síðan voru fluttir á Hótel Skjaldbreið, þar sem stefnandi hafði útvegað þeim hótélherbergi. Morguninn eftir, 2. september, kveðst stefnandi hafa hringt í forstjóra stefnda og sagt honum frá komu Grikkjanna. Hafi hann spurt forstjóran, hvort hann ætti að koma með þá og hafi hann verið þess fýsandi. Fór stefnandi síðan með Grikkina til Hafnarfjarðar, og var áðurnefndur Vrashimis einnig í för með þeim sem túlkur. Ræddu þeir fyrst við forstjóra stefnda á skrifstofu hans, en fóru síðan saman um borð í skipin og skoðuðu þau. Þar sem Grikkirnir skildu aðeins sitt móðurmál, kveður stefnandi það hafa orðið úr, að hann útvegaði þeim túlk, Sigurð A. Magnússon rithöfund. Stefnandi, forstjóri stefnda, túlkurinn og Grikkirnir hafi svo hitzt á Hótel Borg, þar sem kvöldverður hafi verið snæddur í boði Grikkjanna. Er hér var komið, kveður stefnandi forstjóra stefnda hafa snúið öndverðan við umboðslaunakröfu sinni og Suenson & Jespersen og hafi orðið allmiklar deilur út af þessu á Hótel Borg og síðan í anddyri Hótel Skjaldbreiðar, þar sem forstjórinn hafi lýst yfir, að hann þyrfti engin

umboðslaun að greiða, því að mennirnir væru komnir. Áður hafi hann talað um 2% umboðslaun sem lágmark. Daginn eftir kveður stefandi aðilja hafa komið saman til fundar á ný á Hótel Skjaldbreið og hafi enn verið deilt um umboðslaunin, en einnig hafi komið fram tilboð frá forstjóra stefnda um sölu á b/v Ágústi fyrir 15—16 þúsund sterlingspund, sem Grikkirnir hafi talið allt of hátt. Samkomulag hafi ekki náðst á þessum fundi og hafi forstjóri stefnda farið á brott, en fundurinn leystst upp.

Eftir þetta fór stefnandi með áðurgreinda Grikki til lögmanns ríkissjóðs, og ræddu þeir um hugsanleg kaup á b/v Sólborgu og b/v Brimnesi, en ekki varð af kaupum.

Nokkrum dögum síðar kveðst stefnandi hafa frétt, að búið væri að semja um sölu á b/v Ágústi til Grikkjanna. Stefnandi kvaðst hafa verið í sambandi við Grikkina allan tímann, sem þeir dvöldust hér á landi, og útvegað þeim áhöfn á b/v Ágúst og nokkurn farm í skipið. Hin umstefnda fjárhæð er 5% af söluverði b/v Ágústs, og telur stefnandi kröfuna í samræmi við það, sem tíðkist við sölu skipa til útlanda, þar sem tveir umboðsmenn hafi milligöngu um söluna, en firmað Suenson & Jespersen krefjast 3% umboðslauna fyrir sig, þannig að í hans hlut komi aðeins 2%, eins og tíðkist við skipasölur innanlands. Hefur stefnandi lagt fram gögn, er sýna, að við sölu á b/v Bjarna riddara, sem hann hafði milligöngu um, voru greidd 5% umboðslaun. Stefnukrafan er ekki vefengd reikningslega af stefnda.

Stefnandi hefur mætt fyrir dómnum og staðfest framburð sinn.

Helgi G. Þórðarson, forstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að hinn 19. ágúst 1964 hafi hann sent gríska firmanu Stathakis & Sons í Pireus símskeyti og spurzt fyrir um það, hvort fyrirtækið gæti vísað sér á kaupanda að b/v Ágústi, en einn eigandi þess firma, Evangelos J. Stathakis, hafi nokkrum mánuðum áður keypt b/v Júní, eign stefnda. Hinn 31. ágúst hafi stefnda borizt svarskeyti frá áðurnefndum Stathakis, þar sem hann segist senda stefnda þá Manousos og Stathakis, sem hafi áhuga á því að kaupa togarann. Eftir að stefnda hafði borizt símskeytið, kveður forstjórinn stefnanda hafa hringt og spurt, hvort togararnir Ágúst og Apríl væru til sölu og hvort hann mætti koma með tvo menn til þess að skoða skipin. Kveðst forstjórinn hafa spurt, hvaða menn þetta væru, því að það hafi hvarflað að sér, að hér væri um sömu menn að ræða og hann átti von á, en stefnandi hafi ekki viljað segja honum nöfn mannanna. Er stefnandi kom með

mennina sama dag og skoðaði skipin, hafi komið í ljós, að hér var um sömu menn að ræða og áðurnefndur Stathakis gat um í skeyti sínu til stefnda. Aðspurður kvaðst forstjórinn ekki minnst þess, að stefnandi hefði talað við sig, fyrr en áður greinir. Stefnandi hélt hins vegar fast við það, að hann hefði rætt við forstjóran, nokkrum dögum áður en Grikkirnir komu.

Upplýst er með vottorði útlandingaeftirlitsins, að Grikkirnir komu til landsins 1. september, þannig að skoðun skipanna hefur þá farið fram daginn eftir, 2. september.

Forstjóri stefnda skýrir svo frá, að á fundinum með Grikkjunum, sem aðiljar eru sammála um, að fram hafi farið á Hótel Borg sama dag og Grikkirnir skoðuðu skipin, hafi hann spurt Grikkina með aðstoð túlsins, hvort þeir væru eitthvað skuldbundnir stefnanda og jafnframt bent þeim á, að hann hefði í höndum símskeyti frá Stathakis & Sons um, að þeir væru sendir beint frá honum. Á fundi, sem hafi verið haldinn að kvöldi sama dags að Hótel Skjaldbreið, hafi Grikkirnir kveðið upp úr með það, að þeir væru ekki bundnir stefnanda, sem þá hafi farið burt af fundinum. Daginn eftir kveðst forstjórinn hafa tekið upp beinar samningaviðræður við Grikkina. Forstjórinn kvað stefnanda hafa haldið því fram, að honum bæri að annast alla samninga og umboðslaun fyrir milligöngu sína. Hefði stefnandi nefnt í því sambandi allt að 9% sölulaun. Af hálfu stefnda er því neitað, að samþykkt hafi verið að greiða stefnanda umboðslaun eða farið fram á afslátt af umboðslaunum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið að reyna að selja umræddum kaupendum b/v Sólborgu og b/v Brimnes á sama tíma og umræður þeirra og stefnda um b/v Ágúst stóðu yfir.

Reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki komið stefnda í samband við kaupendur b/v Ágústs, heldur hafi það verið J. Stathakis & Sons, sem þegar hafi farið fram á umboðslaun. Þá er því algerlega neitað af hálfu stefnda, að stefnandi hafi haft umboð til þess að selja b/v Ágúst. Loks hafi stefnandi ekki löggildingum samkvæmt lögum nr. 47/1938 um fasteignasölu og sé því ekki heimilt að selja skip. Varakrafan er á því byggð, að umboðslaun stefnanda geti aldrei orðið hærri en 2% samkvæmt áðurnefndum lögum.

Sigurður A. Magnússon rithöfundur, sem var túlkur á fundum aðilja á Hótel Borg og Hótel Skjaldbreið, var að því spurður, hvort honum væri kunnugt um það, hvort Grikkirnir hefðu komið hingað til lands af eigin hvötum eða fyrir atbeina annars að-

ilja. Kvaðst vitnið hafa fengið vitneskju um það, að frændi Stathakis í Grikklandi með sama ættarnafni hefði verið búinn að fá símskeyti frá stefnda, áður en menn þessir komu til landsins, og hefði sér skilizt, að það væri fyrir atbeina þessa Stathakis, sem mennirnir væru hingað komnir. Vitnið bar, að á fundinum á Hótel Borg hefði stefnandi gert kröfu til 9% umboðslauna, ef af kaupum yrði, en það hefði forstjóri stefnda ekki viljað samþykkja og skýrt frá fyrrgreindu símskeyti, sem Grikkirnir hafi kannazt við að hafa haft vitneskju um. Kvað vitnið Grikkina hafa verið spurða um það, hvers vegna þeir hefðu kvatt stefnanda til samningsgerðarinnar, og hefðu þeir svarað því til, að þeir hefðu talið auðveldara að semja með aðstoð skipamiðlara, vegna þess að þeir töluðu ekki aðra tungu en grísku og einnig mundu þeir þá eiga vól á fleiri skipum.

Vitnið kannaðist við það, að Grikkirnir væru með í höndunum bréf frá fyrirtækinu Suenson & Jespersen. Á fundinum á Hótel Skjaldbreið hefði komið til orðasennu út af umboðslaununum, sem lyktaði þannig, að stefnandi fór burt í fússi, en Grikkirnir lýstu yfir, að þeir gætu samið beint við bæjarútgerðina. Vitnið kvað sér hafa virzt í byrjun sem forstjóri stefnda væri til viðræðu um einhver umboðslaun stefnanda til handa og minnti, að hann hefði tekið fram, að stjórn útgerðarinnar mundi aldrei fallast á hærri umboðslaun en 2%. Er upp úr slitnaði, taldi vitnið, að stefnandi hefði verið búinn að lækka sig niður í 5%. Vitnið kvað það hafa komið fram hjá forstjóra stefnda, að stefnandi hefði leynt hann því, hvaða menn það væru, sem vildu skoða skipin, áður en hann kom með þá. Eftir fundinn á Hótel Skjaldbreið hafi stefnandi endanlega verið kominn út úr samningaviðræðum út af togurum bæjarútgerðarinnar. Vitnið túlkaði einnig fyrir stefnanda í sambandi við viðræður um kaup á togurunum Brimnesi og Sólborgu.

Samkvæmt gögnum málsins er upplýst, að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar sendi firmanu J. Stathakis & Sons í Pireus símskeyti hinn 19. ágúst 1964 og spurðist fyrir um hugsanlegan kaupanda að b/v Ágústi. Barst stefnda svarskeyti frá firmanu 31. ágúst s. á., þar sem það tilkynnir m. a., að það sendi stefnda þá Manousos og Stathakis, sem komi í dag eða á morgun. Þá hefur stefndi lagt fram bréf frá firmanu, undirritað af Evangelos J. Stathakis, þar sem vísað er til símskeytisins og þess vænzt, að stefndi sendi umboðslaun, sem um hafi verið samið, er áður nefndur Stathakis var í Reykjavík. Í símskeyti Suenson & Jespersen til stefnanda 31.

ágúst '64, sem áður getur, þar sem firmað virðist vera að óska eftir ákveðnu verðtilboði, er aðeins minnzt á togarana Sólborgu og Brimnes og sagt, að kaupandi Vassilios Manousos sé reiðubúinn að fljúga til Íslands á morgun. Hins vegar eru togararnir Apríl og Ágúst einnig nefndir í fyrrnefndu bréfi, dags. 1. sept. 1964, er Grikkirnir höfðu meðferðis. Í bréfinu er texti símskeytisins tekinn upp, og segir þar m. a., að þar sem firmað hafi ekki verið búið að fá neitt svar frá stefnanda þá um morguninn, hafi það talað við hann í síma þennan sama dag (1. sept.), og síðan er greint frá upplýsingum varðandi verð Sólborgar og Brimness, sem stefnandi virðist hafa gefið firmanu í áðurnefndu símtali. Þá segir m. a., að þeim skiljist, að möguleiki sé á því að fá Apríl og Ágúst fyrir £ 37/35000 báða.

Í öðru bréfi Suenson & Jespersen til stefnanda, sem einnig er dags. 1. sept. 1964, er óskað eftir upplýsingum, teikningum og myndum af Apríl og Ágústi og þess getið, að Grikkirnir hafi skýrt frá því, að þeir hafi frétt af þessum skipum í Grikklandi og sé það sennilega Stathakis sá, sem keypti Júní og sé frændi þess Stathakis, sem sé á leiðinni, sem hafi talað um skipin.

Þá hefur stefnandi lagt fram bréf, dags. 4. september, frá sama aðilja, en í því kemur fram, að stefnandi hafi skýrt firmanu frá því í símtali, að kaupendurnir neituðu ákveðið að greiða meira en 1% í umboðslaun til stefnanda og umbjóðanda hans, þar sem þeim hafi verið kunnugt um þessi skip, áður en þeir komu til Danmerkur. Mótmælir firmað þessu, en segir síðan m. a., að horfast verði í augu við það, „at vi faktisk ikke har bragt disse skibe i forslag til disse købere“, og sé því 1% til hvors betra en ekki neitt. Samdægurs sendi firmað stefnanda símskeyti og veitti honum heimild til þess að semja um umboðslaunin á þessum grundvelli.

Ekki er ljóst, hvort áðurnefndir fundir voru báðir samdægurs, þ. e. 2. september, eða hvort síðari fundurinn var haldinn 3. september, en eftir þann fund var afskiptum stefnanda af sölu togarans lokið. Eins og fram er komið, greinir aðilja á um það, hvort stefnandi hafi rætt við forstjóra stefnda og fengið umboð til þess að selja togarana, og enn fremur um það, hvort stefndi hafi léð máls á umboðslaununum eða ekki. Af framangreindum símskeytum og bréfaskiptum virðist mega ráða, að firmað Suenson & Jespersen hafi ekki fengið vitneskju um togarana Ágúst og Apríl fyrr en í símtali við stefnanda hinn 1. sept. Enda þótt stefnandi tæki á móti hinum grísku kaupendum og greiddi götu þeirra,

er þeir komu til landsins, verður ekki talið, að það hafi haft nein úrslitaáhrif á það, að samband komst á með Grikkjunum og forstjóra stefnda af þeirri ástæðu, að þessum aðiljum var þegar kunnugt um hvorn annan fyrir atbeina J. Stathakis & Sons í Pireus, og verður að ætla, að þeir hefðu náð sambandi hvor við annan, þótt atbeini stefnanda hefði ekki komið til. Gegn eindregnum andmælum forstjóra stefnda verður heldur ekki talið sannað, að forstjórinn hafi falið stefnanda umboð til þess að selja togarana, eins og hann heldur fram. Þá er einnig ósannað, að stefndi eða hinir grísku kaupendur hafi samþykkt 2% umboðslaun til handa stefnanda og umbjóðanda hans á fundum með aðiljum, enda ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi gert þeim tilboð í þá átt. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Þar sem forstjóri stefnda hefur með því að taka ekki strax afdráttarlausa afstöðu til umboðslaunakröfu stefnanda átt nokkurn þátt í því að styrkja þá hugmynd stefnanda, að hann gæti krafizt umboðslauna, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Valgrímssonar og Suenson & Jespersen, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
